

3. Lánað:	Flutt	521 49	59
a. Gegn fasteignarveði	600 00		
b. Gegn handveði	2400 00	3000 00	
4. Til jafnaðar færast tekjul. 4		2600 00	
5. Sjóður við árslok 1891:			
a. Í fasteign	12490 00		
b. Í veðskuldabryfum	10261 85		
c. Ógoldnar leigur og landskuld af 1/2 Gloppu 18 ⁸² /83	19 75		
d. Í peningum	2683 87	25455 47	
		<u>31576 96</u>	

Gjafasjóður Jóns Sigurðssonar til Vallahrepps 1890—91.

	Tekjur:	Kr.	a.	Kr.	a.
1. Eign í fardögum 1890:					
a. Í fasteignum	2310 00				
b. Ógoldnar leigur og landskuld af 1/2 Gloppu 18 ⁸² /83	19 75	2329 75			
2. Afgjöld:					
a. Leigur haustið 1890 eftir 4 ¹ / ₄ kúgildi = 85 meðal- álnir eftir verðlagsskrá 18 ⁹⁰ / ₉₁ á 47 aur.	39 95				
b. Landsskuld í fardögum 1891, 201 ¹ / ₂ meðalalin eptir verðlagsskrá 18 ⁹¹ / ₉₂ á 51 eyr.	102 77	142 72			
		<u>2472 47</u>			
	Gjöld:				
1. Umboslaun 1/6 af hinum innheimtu gjöldum		23 79			
2. Borgað sveitarsjóði Vallahrepps		118 93			
3. Eign í fardögum 1891:					
a. Í fasteignum	2310 00				
b. Ógoldnar leigur og landskuld af 1/2 Gloppu	19 75	2329 75			
		<u>2472 47</u>			

Íslands norður- og austuramt, Akureyri 11. jan. 1892.

J. Havsteen. Davíð Guðmundsson.

Samþykkt

60
29. marz

um breytingu á I. samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastadahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, dags. 8. desbr. 1890.

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur með lögákveðinni hlutdeild af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur kaupstaðar, samkvæmt lögum 14.

60 desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, sbr. lög 29. marz 4. desbr. 1886, gjört svohljóðandi

»*Samþykkt*

um breytingu á I. samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, dags. 8. desbr. 1890.

1. gr.

Í þeim hreppum og bæjarfjlagi, sem samþykkt þessi nær yfir, sem eru: Rosmhvalanesshreppur, Njarðvíkurhreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarnesshreppur og Reykjavíkurbær, má enginn leggja þorskanet í sjó fyrri en 1. apríl ár hvert.

2. gr.

Hinn 1. apríl ár hvert og upp frá þeim degi er mönnum heimilt að leggja þorskanet, hvar sem þeir vilja; þó má ekki leggja þorskanet á hraun með landi fram; varðar sektum frá 5—50 kr., ef gjört er.

3. gr.

Með samþykkt þessari eru felldar úr gildi 1. og 3. gr. í I. samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum o. s. frv., dags. 8. desbr. 1890«.

*

*

*

Með því að almennur fundur í hjeradinu hefur fallizt á ofanritaða samþykkt, samkvæmt 4. gr. í lögum nr. 28, 14. desbr. 1877, er hún hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. dag aprilmánaðar 1892, og kunngjörist hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands suðuramt, Reykjavík, 29. marzmán. 1892.

Kristján Jónsson

settur.

YFIRSKATTANEFND.

Samkvæmt tillögum bæjarstjórnarinnar á Akureyri skipaði landshöfðingi hinn 24. dag. marzmánaðar eptirnefnda þrjá menn í yfirskattaneftnd fyrir Akureyrarkaupstað:

J. Havsteen amtmann,
Þorgrím Johnsen lækni og
Sigurð Sigurðsson smið,
en til vara:
Friðbjörn Steinsson bóksala.